

# LANDSSAMBAND ÍSLENSKRA ÚTVEGSMANNA

THE FEDERATION OF ICELANDIC FISHING VESSEL OWNERS.



HAFNARHVOLI VIÐ TRYGGVAGÖTU · P.O.BOX 893 · REYKJAVÍK · TEL.354 552 9500 · TELEFAX 354 551 6056

Nefndarsvið Alþingis v/sjávarútvegsnefndar,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150-Reykjavík.

Reykjavík, 18. apríl 1997

Alþingi

Erindi nr. P 121/1649

komudagur 21/4 197

Við höfum móttengið bréf ykkar dags. 8. apríl 1997 þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Á fundi stjórnar L.Í.Ú. í gær var samþykkt að mæla með samþykkt frumvarpsins með eftirtöldum breytingum:

- a) Ákvæði til bráðabirgða breytist á þann hátt að skip sem hafa notið veiðiheimilda sem skip 26 metrar og styttri og 39 metrar og styttri skulu halda þeim rétti ótímabundið miðað við að þau séu ekki stækkuð og afl aðalvélar ekki aukið, eins og skip njóta samkvæmt þessu frumvarpi sem eru 29 metrar og styttri með lægri aflvísa en 1600 og skip 42 metrar og styttri með lægri aflvísa en 2500.

Stjórn L.Í.Ú. telur mikilvægt að tengja saman stærð og afl aðalvélar til réttinda til veiða í lögsögunni. Ástæða sé til að veita þeim örfáu skipum rétt áfram sem þau nú hafa. Með þessari breytingu er komið í veg fyrir verulegt tjón þeirra, sem þessi skip eiga nú, en framtíðarskipulag ákveðið, sem skapa á meira samræmi milli skipa þegar til lengri tíma er lítið.

- b) Núverandi veiðihólf, sem merkt var F3 á Breiðafirði fái að haldast óbreytt, en það veitir skipum sem eru styttri en 26 metrar rétt til veiða með botnvörpum frá 1. júní til 31. desember ár hvert. Stjórn L.Í.Ú. telur að með því að afnema þennan veiðirétt minni báta verði raskað verulega útgerðarháttum á Snæfellsnesi, en útgerð þar á í rök að verjast.
- c) Að lágmarksfjárhæð sekta, sbr. 16. og 17. gr. verði afnumið.

Samtökin vilja benda á að með lögum nr. 75/1982 og lögum nr. 10/1983 voru lágmarks- og hámarksfjárhæðir sekta felldar niður og sektarfjárhæðir látnar vera á valdi dómstóla, sbr. 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt 17. gr. varðar brot m.a. gegn reglum settum skv. lögum lágmarksekt að fjárhæð kr. 400.00.-. Er viðkomandi dómari bundinn af þessari fjárhæð, sama hvað brotið kann að vera lítilfjörlegt. Verður þá sektin

stundum í engu samræmi við brotið. Dæmi er þess að gleymst hafi að merkja einn netadreka á litlum bát. Nam sektarfjárhæðin helmingi hærri fjárhæð en verðmæti alls afla bátsins þann daginn. Slíka ósamgirni verður að koma í veg fyrir.

Það er einlæg ósk stjórnar L.Í.Ú. að tillit verði tekið til þessara ábendinga.

Virðingarfyllt

f.h. Landssamband ísl. útvegsmanna

  
Kristján Ragnarsson